



# Mat og meðferð fyrir börn sem sýna af sér óæskilega kynhegðun

**Anna Kristín Newton**

Ólafur Örn Bragason

Þórarinn Viðar Hjaltason

sálfræðingar

# Hegðun sem vekur spurningar

- Ungmenni sem að;
  - eyðir miklum tíma með yngri börnum og leitar eftir umgengni við yngri börn - oft í einrúmi
  - er í læknisleik eða öðrum leikjum sem ekki eru aldurssamsvarandi
  - notar oft gróft kynferðislegt tal í tengslum við börn eða fullorðna
  - Sýnir yngri börnum kynferðislegt efni s.s. myndir
  - horfir á barnaklám á netinu eða annarsstaðar
  - Berar kynfæri sín við önnur börn
  - Þvingar önnur börn til kynferðislegrar athafnar
  - Sýnir af sér kynferðislega hegðun sem er ekki aldursamsvarandi
  - Sýnir kynferðislega hegðun óháð stað og stund
  - Telur að ofbeldi sé ásættanlegur hluti kynhegðunar

# Hvað veldur svona hegðun?

- Einkenni eða ástand geranda?
  - Misnotkun?
    - Kynferðisleg
    - Andleg
    - líkamleg
  - Aðgangur að klámi?
    - Reiði (*anger motivated*)?
    - Hvatvísi (impulsivity)
    - Hugarórar (*fantasy motivated*)?
    - Þroskaraskanir
- Aðstæður eða tækifæri?
  - Forvitni
  - Prófa sig áfram

# Samningur varðandi mat og meðferð ungra gerenda

- September 2009 - undirritaður samningur varðandi mat og meðferð ungra gerenda. Þríþættur samningur.
  - Meta líkur á áframhaldandi hegðun – matsferli
    - 4-5 skipti
  - Meðferð/inngrip - Draga úr líkum á frekari óviðeigandi kynhegðun
    - Umfang er háð útkomu greiningar á meðferðarþörf (öllu jöfnu)
  - Ráðgjöf til barnaverndar
    - 1-2 handleiðslutímar með möguleika á áframhald ef þess er þörf

# Ferlun máls

- Mál koma til umfjöllunar/tilkynnt í barnaverndarnefndum
- Barnaverndarnefndirnar sækja um mat/meðferð til Barnaverndarstofu
- Barnaverndarstofa tekur ákvörðun um að vísa mál í teymið

# Sálfræðingarnir

- Anna Kristín er með stofu að Austurgötu 24 í Hafnarfirði
  - Sími 6949077
  - [anna.k.newton@gmail.com](mailto:anna.k.newton@gmail.com)
- Ólafur og Þórarinn eru með stofu að Garðarstræti 36 í RVK
  - Ólafur 6920540,  
[olibraga@salarheill.is](mailto:olibraga@salarheill.is)
  - Þórarinn 7706323,  
[thorarinn@tmd.is](mailto:thorarinn@tmd.is)
- Vinnum saman sem teymi en hver og einn ber ábyrgð á sínum málum
- Handleiðsla og samhæfð vinnubrögð/nálgun



# Nálgun

- Samstarf við foreldra/forráðamenn, barnaverndarnefndir þarf að vera gott
- Hugræn atferlismeðferð í grunninn
- Draga úr líkum á frekari óviðeigandi hegðun
- Mál af þessum toga þurfa samhæfða nálgun getur verið nauðsynlegt að hafa t.d. Samráð við skóla, íþróttafélög ....

# Grundvallaratriði varðandi mat á unglíngum sem sýna óæskilega kynhegðun

- Greina vanda þeirra í upphafi
  - oft eitt af mörgum vandamálum, en meginvandinn, kynferðislega vandamálið, má ekki gleymast
- Ítarlegt matsferli
  - hætta á áframhaldandi hegðun
  - eiginleikar/takmarkanir
  - aðstæður
  - ástand

# Mat á meðferðarpörf

- 4-5 tímar nema barnið sé með þroskaröskun
- Formlegt mat frá 10 ára aldri
- Lágt/miðlungs/hátt
- Stöðugir og breytilegir þættir

# Meðferð

- Tekur mið af greiningu á atburðum og meðferðarþörf barnsins
  - Lágt 6-8 viðtöl (bæði mat og meðferð)
  - Miðlungs 10-12 viðtöl (bæði mat og meðferð)
  - Hátt 12 plús (bæði mat og meðferð)
- Eftirfylgni
  - Við þá sem mælast háir og í miðlungsáhættu
  - Hafa hlotið meðferð
  - 3-4 viðtöl á ca árs tímabili
- Börn með þroskaraskanir þurfa meiri tíma

# Grundvallaratriði varðandi meðferð barna og unglinga:

- Gera tillögu um viðeigandi úrræði eða meðferð
  - þörf á meðferð
  - tillögur um hvað á að meðhöndla
  - ítarleg skýrsla
- Fræða og styðja aðstandendur
- Velja meðferðarform og meðferðarstað
  - miða við alvarleika hegðunar, aldur og aðstæður
  - sérhæfð meðferðarvinna
    - fjölskylduvinna
  - Fósturheimili
  - Meðferðarheimili

# Meðferð barna og unglunga þarf að taka til eftirfarandi þátta:

- Kynferðislegra vandamála
  - Breyta hegðun - í viðurkennda hegðun
  - Breyta viðhorfum, áhuga og óviðeigandi hugarórum
  - Kynlífsfræðsla
  - Fræðsla varðandi afleiðingar hegðunar bæði á brotapolá og geranda
- Persónuleikavandamála
  - Efla sjálfsvirðingu
  - Þjálfá samkennd
  - Þjálfá félagsfærni
  - Tilfinningastjórnun

Meðferð unglunga sem sýna af sér óæskilega kynhegðun þarf að taka til eftirfarandi þátta

- Samvinna við fjölskyldu er mikilvægur hlekkur í meðferðarvinnunni
- Fjölskyldan þarf á stuðningi að halda til að yfirstíga fordóma/ótta/áhyggjur

# Leiðbeiningar til foreldra

- Passa upp á hvað er verið að horfa á t.d. ekki mikið af ofbeldisefni
- Skoða hvort ástæða sé til að taka tölvu/sjónvarp út úr herbergi geranda
- Stoppa af kynferðislegt tal
- Stöðva hegðun þar sem gerandi er að notafæra sér yfirburði sína í samskiptum við aðra s.s. aldur, líkamlega styrk
- Reiðihegðun þarf að taka sérstaklega á og aðstoða við að hafa stjórn á
- Leiðréttu viðhorf sem virðast ýta undir kynferðislegar mýtur s.s. stelpur sem ganga í netasokkabuxum eru druslur...

# Börn sem við höfum haft afskipti af:

## Fyrir september 2009

- 30 drengir á aldrinum 9 til 17 ára (meðalaldur 14 ár)
- 67% þeirra beittu yngri börn kynferðislegu ofbeldi
- 23% misnotuðu tvö börn eða fleiri
- 50% misnotuðu stúlkur, 37% drengi og 13% hvort tveggja
- Í 63% tilfella var um ítrekuð brot að ræða

## Eftir september 2009

- 18 mál til úrvinnslu
- 3 mál í handleiðslu
- 15 mál til mat og meðferðar
- 2 stúlkur / 16 strákar á aldrinum 10-18 ára
- Í nánast öllum tilfellum var um ítrekaða hegðun að ræða

# frh.:

- Um 1/2 braut gegn skyldmendum sínum
- 56% var með einhverskonar greiningu s.s. Asberger, ofvirkni, þroskaröskun
- Ólíkt því sem fram kemur í samantektum annarsstaðar frá höfum við ekki nein staðfest dæmi um að þessir gerendur hafi sjálfir orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi
- Um það bil helmingur af hópnum er með einhverskonar greiningu
- Ekki verið eins mörg mál og við áttum von á
- Erfiðari mál en við áttum von á

# Rannsókn á notkun úrræðis á vegum nemenda í HR vor 2010

- Erfitt að sækja þjónustu til höfuðborgarsvæðis
  - kostnaður
- Viðhorf forráðamanna/barna
- Úrræðið ekki nægilega vel kynnt
  - Hvernig skal sækja um
  - Fyrir hverja

# Ítrekunartíðni og árangur meðferðar

- Rannsóknir telja að ítrekunartíðni sé á bilinu 2-32%
- Rannsóknir frá Ástralíu sýna að u.þ.b. 2-5% af þeim sem fá meðferð brjóta aftur af sér kynferðislega, á 5 ára tímabili, meðan að allt að 32% þeirra sem fá ekki meðferð eða klára ekki meðferð brjóta aftur af sér á sama tímabili. Samskonar niðurstöður koma fram í rannsókn frá Kanada

# Framtíðarhorfur

- Börn og unglingar sem sýna óviðeigandi kynhegðun eru í fæstum tilfellum upprennandi kynferðisbrotamenn
- Inngrip sem tekur á óviðeigandi hegðun og ýtir undir verndandi þætti skilar árangri
- Mikilvægt er að sinna þessum hópi svo að dregið sé úr líkum á frekari brotapolum sem og að geranda séu gefin verkfæri sem að auka líkurnar á kynheilbrigði í framtíðinni